

Sólarsalir ehf.
Grandagarði 16
101 Reykjavík

Hafnarfjörður 18. desember 2024
Tilv. 2024-12-06-1460

Efni: Varðar leyfi til framkvæmda vegna byggingar á veiðihúsi og starfsmannahúsi við Hafralónsá í Þistilfirði

Í umsókn dagsettri 5. desember 2024 síðastliðinn leita Sólarsalir ehf. eftir heimild til að byggja veiðihús og starfsmannahús við Hafralónsá í Þistilfirði. Umsókninni fylgja upplýsingar um framkvæmdina, umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið og umsögn stjórnar Veiðifélags Hafralónsár og Kverkár.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um framkvæmdina kemur m.a. fram:

„Ekki er talið líklegt að staðsetning hússins muni því valda truflun við veiðar. Ekki verður heldur séð að staðsetning byggingarinnar geti haft áhrif á vatnafar, smádýr eða fiskframleiðslu í ánni sjálfri. Verði öllum reglum fylgt sem gildir um fráveitur og skólp, sem og leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins um stærð, gerð og frágang rotþróa, ætti ekki að vera um skólpmengun út á vatnasvæðið að ræða. Áhrif á framkvæmdatíma, einkum við jarðvinnu, geta verið mikil til skamms tíma og staðbundin en sé vandað til verka ættu langtíma áhrif að vera hverfandi þegar litið er til vatnakerfisins í heild.“

Einnig kemur fram:

„Mikilvægt er að framkvæmdaaðili jafnt sem verktakar séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif. Að gefnu tilefni er áréttað að það er í verkahring framkvæmdaaðila að upplýsa verktaka og hafa eftirlit með að framgangur verksins sé eins og best verður hægt að gera með tilliti til mögulegra umhverfisáhrifa.“

Stjórn Veiðifélags Hafralónsár og Kverkár gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Í umsögn stjórnar veiðifélagsins kemur m.a. fram: *„Með vísan í meðfylgjandi umsögn frá Hafrannsóknastofnun telur stjórn Veiðifélags Hafralónsár og Kverkár að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi óveruleg áhrif á aðstöðu til veiða/veiði við Hafralónsá og samþykkir þær fyrir sitt leiti.“*

Að teknu tilliti til umsagnar Hafrannsóknastofnunar og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði fellst Fiskistofa á að Sólarsalir ehf. byggji veiðihús og starfsmannahús á umræddu svæði. Fiskistofa leggur áherslu á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Heimildin gildir til 18. desember 2026.

Almennar upplýsingar um leyfið eru birtar á upplýsingaveitunni Hafsjá (fiskistofa.is).



Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (24.500 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 1700/2023. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Fiskistofa bendir á eftirfarandi:

- *Uppfylla þarf lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum áður en framkvæmd hefst.*
- *Framkvæmdir við veiðivötn kunna að vera háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitafélags.*
- *Framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.*

Virðingarfyllst,
F.h. Fiskistofu

Hera Aradóttir

Hera K. Aradóttir

Sérfræðingur á lax- og silungsveiðisviði